

Stjórnarfundur 18. janúar 2017 kl. 20.30 í Barmahlíð 43.

Viðstaddar: Eva Leplat, Margrét Helga og Hulda Sif. Sólveig Simha í símabandi.

1. Fjármálin.

- Sólveig er loks komin með aðgang að reikningi félagsins eftir nokkurt þref í bankanum.
 - Staðan á reikningi félagsins í dag er: 424.608 kr.
 - 15 félagar hafa borgað félagsgjöld síðan 1. október 2016.
- Þór Stefánsson bað um að vera tekinn af listanum. Hulda sér um að gera þá breytingu.

2. Unnið var í texta fyrir skýrslu um stöðu frönskunnar á Íslandi fyrir CEO (fyrir „L'annuaire de FIPF“) sem skila þarf inn fyrir lok vikunnar.

3. Fundir/Námskeið.

- Á döfinni er námskeiðisdagur þann 20. janúar í Alliance Française þar sem Jean-François forstjóri AF mun halda fyrirlestur um forsetakosningarnar í Frakklandi í vor og áhrif hryðjuverkanna í Frakklandi að undanförunu á franskt samfélag. Félagið hefur fengið styrk frá RANNÍS til þess að greiða fyrirlesara námskeiðisins. Ákveðið var að nota hluta styrksins til að greiða hádegisverð þátttakenda á veitingastað á námskeiðsdeginum.
- Aðalfundur verður 3. mars. Hulda sér um að panta salinn í Kennarahúsinu fyrir fundinn.
- Aðrir fundir annarinnar verða ákveðnir síðar.

4. Frönskukeppnin.

Keppnin verður mjög líklega laugardaginn 25. mars.

Margrét Helga er búin að senda póst á Gaëlle Hourriez-Bolatre sendiráðsritara til þess að spyrjast fyrir um keppnina í ár, hvað þau hafa hugsað sér í þessum efnum.

Eva stakk upp á efninu: „Le français et les arts.“ Stjórnin ákvað að þetta yrði efnið þetta árið.

Eva tekur að sér að tala betur við sendiráðið til þess að setja niður fyrir sér atriði varðandi keppnina; efni, dagsetningu, verðlaun, staðsetningu og að athuga hvort sendiherrann vill taka að sér að fara fyrir dómnefndinni. Margrét Helga tekur að sér að spyrja Jean-François hjá AF hvort hann vilji líka vera í dómnefnd.

5. Heimasíðan.

Uppfæra þarf hana, setja t.d. inn meiri upplýsingar um frönskukeppnina og þýða meira á frönsku sem og grisja fréttirnar á forsíðunni eða breyta uppsetningu forsíðunnar. Hulda gengur í það.

6. Ifprofs-vefurinn.

Jean-François hjá Af sótti um aðgang að vefnum fyrir Ísland og var aðgangurinn samþykktur. Það verður væntanlega fræðslunámskeið um vefinn í London í apríl og mun félaginu þá bjóðast að senda einn fulltrúa á það.

7. Hrefna Clausen (fulltrúi félagsins í STÍL) baðst undan því að vera áfram fulltrúi félagsins vegna fjarlægðar sinnar frá höfuðborgarsvæðinu. Sigrún Halla Halldórsdóttir hefur leyst hana af.

Fundi slitið kl. 22.30.